

# STJÓRNARTÍÐINDI A 33 — 1974

Nr. 94.

412

23. desember 1974.

## L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1 gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfangjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

### 2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

Nr. 95.

23. desember 1974.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á is-